



MATSÁÆTLUN : ELDISGARÐUR

Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum

Desember 2021

Efnisyfirlit

	Inngangur	2
1	Reykjanesbær	2
2	Fiskistofa	2
3	Veðurstofa Íslands	2
4	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	3
5	Orkustofnun	3
6	Hafrannsóknarstofnun	4
7	Minjastofnun	5
8	Stolt Sea Farm (SSF)	6
9	MAST	8
10	Náttúrufræðistofnun Íslands	8
11	Umhverfisstofnun	13
12	Samgöngustofa	15
	Viðauki Umsagnir og athugasemdir	16

Inngangur

Á tímabilinu bástust alls 12 erindi og í þessu skjali verður gerð grein fyrir athugasemdum sem komu fram og viðbrögðum við þeim.

Athugasemdir eru flokkaðar eftir aðilum sem sendu inn ábendingar og athugasemdir. Efnistöð ábendinga eru víða sambærileg og reynt eftir fremsta megni að vitna milli kafla með sambærilegum umsögnum eða viðbrögðum.

Gerð verður grein fyrir umsögnum og viðbrögðum við þeim í þeirri röð sem þau koma fyrir í töflu.

Tafla 0.1 Yfirlit yfir aðila sem sendu inn athugasemdir

1	Reykjanesbær	7	Minjastofnun
2	Fiskistofa*	8	Stolt Sea Farm
3	Veðurstofan	9	MAST
4	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja*	10	Náttúrufræðistofnun Íslands
5	Orkustofnun	11	Umhverfisstofnun
6	Hafrannsóknarstofnun	12	Samgöngustofa*

* Umsögn krefst ekki viðbragða

Framsetning athugasemda er með þeim hætti að viðkomandi athugasemdir eru birt og viðbrögð við athugasemdum koma þar fyrir neðan. Hægt er að sjá allar athugasemdir og umsagnir í heild sinni í viðauka.

1 Reykjanesbær

Í umsögn kemur fram:

„Gera þarf betur grein fyrir þáttum sem starfsemi og rekstur hafa á svæði utan starfsvæðis eldisstöðvar; t.d. ef styrkja eða breikka þarf vegstæði á Reykjanesi eða leggja strenglagfir.“

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verða skoðaðir ólíkir valkostir um staðsetningu fiskeldisins og þá þætti utan starfsvæðis sem starfsemin hefur áhrif á. Einn þeirra þátta er aðkomuvegur að eldisstöð sem og þol aðliggjandi vega til að taka við aukinni umferð. Gerð verður grein fyrir þessum þáttum í umhverfismatsskýrslu.

2 Fiskistofa

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

3 Veðurstofa Íslands

Í umsögn kemur fram:

„Mikilvægt er að vakta ástand veitisins. Fiskeldi er í miklum vexti á þessu svæði og mikilvægt er að settir séu fram gæðastaðlar, viðmið og viðbragðsáætlun þannig að tryggj sé að veitirinn annir þeirri vatnstöku sem áætluð er.“

Viðbrögð: Samherji tekur undir með Veðurstofu Íslands um mikilvægi þess að vakta veitirinn þar sem það er bæði hagar fiskeldisins sem og umhverfisins að veitirinn anni þeirri vatnstöku sem þarf til rekstursins.

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir vöktun, viðmiðum og hvernig verður brugðist við ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg.

Í umsögn kemur fram:

„Veðurstofan leggur áherslu á mikilvægi þess að gera grein fyrir aðrennslissvæði þeirra borhola sem munu verða notaðar til framleiðslunnar, mögulegu áhrifasvæði og að álagsþol svæðisins verði metið. Vakta þarf grunnvatnsstöðu og tryggja að ástandið sé ásættanlegt og innan viðundandi marka. t.d. hvað varðar mögulegan niðurdrátt á svæðinu og breytingar á seltustigi brunnanna. Þetta þarf að gera á ársgrundvelli, en þó sérstaklega þegar álag á grunnvatnshlotið er hvað mest, t.d. við lægstu stöðu, þegar veitirinn er hvað viðkvæmastur fyrir álagi. Í slíku mati er mikilvægt að jafnframt sé tekið mið af annarri starfsemi sem þegar er til staðar eða samþykkt. Einnig er mikilvægt að fram komi til hvaða verkferla skuli gripið komi til lækkunar á grunnvatnsstöðu.“

Viðbrögð: Í umhverfismati verður gerð grein fyrir staðsetningu borhola og aðrennslissvæði þeirra. Lagt verður mat á mögulegt áhrifasvæði framkvæmdar og álagsþol veitisins.

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir vöktun, viðmiðum og hvernig verður brugðist við ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg. Leitað verður eftir samráði til viðeigandi stofnana. Gerð verður grein fyrir samlegðaráhrifum vatnstöku fyrirhugaðs eldis með annarri starfsemi sem er til staðar.

4 Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

5 Orkustofnun

Í umsögn kemur fram:

„Orkustofnun bendir á að við vinnslu við umhverfismat grunnvatnstöku skipti meginmáli að skoða hugsanlega áhrif á aðra starfsemi sem nýtir sömu, eða tengda, auðlind. Við greiningu á annarri starfsemi í nágrenni fyrirhugaðs fiskeldis er einungis vikið að annarri fiskeldisstarfsemi, en að mati stofnunarinnar þarf einnig að horfa til samlegðar af töku Reykjanesvirkjunar á jarðsjó.“

Viðbrögð: Unnið verður grunnvatnslíkan. Líkanið mun taka inn þekktar holur á svæðinu og herma eftir fyrirhugaðri vatnstöku eldisgarðs. Líkanið segir til um breytingu á seltu og niðurdrætti. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir samlegðaráhrifum með Reykjanesvirkjun vegna töku á jarðsjó sem og, ef við á, annarri starfsemi sem nýtir sama grunnvatnshlot. Miðað er við að afla fyrirbyggjandi upplýsinga um magntöku jarðsjávar hjá Stolt Sea Farm og Reykjanesvirkjunar.

Í umsögn kemur fram:

„Varðandi umfjöllun um rannsóknir bendir Orkustofnun á að tilgreindar rannsóknir fjalli ekki um það svæði sem hér er til umræðu heldur annars staðar varðandi töku fersks grunnvatns úr landi Staðar sem er mun ofar á Reykjanesinu og hins vegar við Húsatóftir

við Grindavík (og gerðar áður en Reykjanesvirkjun hóf starfsemi sína). Ekki verður því séð að þær hafi beina þýðingu varðandi fyrirhugaða nýtingu, nema hvað varðar almenna lýsingu á aðstæðum á Reykjaneskaga.“

Viðbrögð: Hér hefur slæðst inn villa í matsáætlun sem skýrir umfjöllun um Húsatóftir við Grindavík sem er eins og Orkustofnun bendir á nokkuð fjarri Eldisgarði á Reykjanesi.

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar verður unnið grunnvatnslíkan sem á við það svæði sem Eldisgarður hefur áhrif á. Horft verður til fyrirliggjandi gagna á svæðinu við þá vinnu.

Í umsögn kemur fram:

„Að lokum bendir Orkustofnun á að ekki er veitt nýtingarleyfi á ákveðnar holur, heldur til töku grunnvatns á ákveðnu landsvæði, og í ákveðnum tilgreindu magni. Það er því ónákvæmni fólgin í orðalagi í kafla 3.6. á bls. 13.“

Viðbrögð: Orðalag verður leiðrétt í umhverfismatsskýrslu í samræmi við ábendingu Orkustofnunar.

6 Hafrannsóknarstofnun

Í umsögn kemur fram:

„Í umhverfismatsskýrslu þarf að koma skýrar fram hvað verður um þau lífrænu efni sem verða eftir í hreinsistöðinni og ekki er dauðfiskur.“

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð nánar grein fyrir hvað verður um þau lífrænu efni sem verða eftir í hreinsistöðinni og ekki er dauðfiskur. Stefnt er að því að fjalla um þá kosti sem eru til boða við meðhöndlun á úrgangsefnum. Samhliða verður gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum þessara kosta.

Í umsögn kemur fram:

„Í umhverfismatsskýrslunni þarf að gera vel grein fyrir hvernig tilhögun frárennslisins í viðtakann verður. Taka skal fram hversu mikið heildar frárennslí verður m.t.t. vatnsmagns og persónueininga (pe.) þegar litið er til mengunar. Bent er á að um mjög stóra framkvæmd er að ræða og ef frárennslíð er það sama og áætluð vatnstaka þá verður það um fjórfalt meðalrennslí Elliðaáanna.“

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir tilhögun frárennslisins í viðtakann, heildarfrárennslí bæði m.t.t. vatnsmagns og persónueininga. Gert verður líkan sem sýnir þynningu frárennslis í viðtaka og lagt mat á samlegðaráhrif með annarri starfsemi sem er fyrir eða fyrirhuguð á svæðinu.

Þá verður framkvæmd byggð upp í áföngum, sem gefur mikilvægt tækifæri til að vakta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og bregðast við þar sem þörf er talin á.

Í umsögn kemur fram:

Áður en stöðin verður tekin í notkun þurfa að liggja fyrir upplýsingar um styrk næringarefna í viðtakanum/vatnshlotinu. [...] Mikilvægt er að nota nægilega næmar aðferðir við framtíðarvöktun þannig að hægt sé að meta áhrif losunar frá fyrirhugaðri eldisstöð. Hafrannsóknarstofnun hefur bent á í öðrum fyrirspurnum og matsskýrslum að greiningarmörk aðferða sem hafa verið notuð í vöktun vegna landeldis, séu of há til þess

að hægt sé að nota þau til að skera úr um hvort losun fráveitu valdi auknu álagi á viðtaka. Bent er á að styrkur næringarefna í sjó að vetri er mun hærri en á öðrum árstímum vegna niðurbrots lífræns efnis og takmarkaðrar virkni frumframleiðenda að vetri. Mikilvægt er að velja aðferðir sem eru nægilega næmar til að greina styrk efnanna á öllum árstímum. Lagt er til að tekið verði mið af fyrirbyggjandi upplýsingum um styrk næringarefna í sjó á mismunandi tímum árs við val á aðferðum við mælingar sem notaðar verða í framtíðarvöktun.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi vöktunar í viðtaka. Jafnframt verður fjallað um grunnástand viðtaka, sem m.a. byggir á upplýsingum úr vöktun Reykjanesvirkjunar.

Framkvæmdaraðili mun leitað samráðs við Hafrannsóknarstofnun varðandi útfærslu vöktunar. Þá er vísað til viðbragða hér að ofan um áfangaskiptingu framkvæmda, sem gefur mikilvæg tækifæri til að breyta og aðlaga framkvæmdir verði þörf á því.

Í umsögn kemur fram:

Taka þarf fram hversu grófar ristarnar skuli vera og hverskyns síur verði í frárennslisstöð. Alla jafnan bendir Hafrannsóknastofnun framkvæmdaraðilum á að hafa tromlusíur eða síur sem séu þeim sambærilegar.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir tegundum og virkni sía og rista í frárennslis frá eldisstöð í samræmi við ábendingar Hafrannsóknarstofnunar, t.d. um tegund sía og grófleika ristanna.

Í umsögn kemur fram:

Tekið er fram að ef svo ólíklega vildi til að fiskur slyppi úr kerjum væri til staðar viðbragðsáætlun. Í umhverfismatsskýrslunni þarf að fjalla um þessa viðbragðsáætlun. Um er að ræða mjög stóra eldisstöð og því full ástæða til að fjalla nánar um viðbragsáætlunina og varnir gegn slysasleppingum í umhverfismatsskýrslunni.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga.

7 Minjastofnun

Í umsögn kemur fram:

Minjastofnun ítrekar það sem fram kom í umsögn um skipulags- og matlýsingu breytingartillögu aðalskipulags og fyrir nýtt deiliskipulag vegna stækkunar iðnaðarsvæðis 15a. Fá þarf fornleifafræðing til að skrá syðri hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Færa þarf staðsetningu og útlínur fornleifar, sem skráðar verða á suður hluta svæðisins og sem verið er að skrá á norður hluta svæðisins, inn á uppdrátt, loftmynd/kort, þar sem fyrirhuguð mannvirki fiskeldisins eru einnig sýnd. Fjalla þarf um fornleifar og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þær í umhverfismatsskýrslu.

Viðbrögð: Fornleifafræðingur verður fenginn til að skrá fornleifar á syðri valkosti framkvæmdasvæðis. Staðsetning og útlínur fornleifa beggja lóða verða færðar inn á loftmynd ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja framkvæmdar og valkostir bornir saman með tilliti til áhrifa á fornleifar.

8 Stolt Sea Farm (SSF)

Í umsögn kemur fram:

Lítið er fjallað um hvernig valkostaumræðu verður háttáð í umhverfismatsskýrslu. Fram kemur að aðalvalkostur framkvæmdaraðila sé að byggja eldisstöð á Norðurlóð eða Suðurlóð Auðlindagarðs með framleiðslugetu 40.000 t/ári og umhverfisáhrif annarra kosta verði ekki metin. Í kafla 3.5.1 er minnst á valkostamat á frárennsli og lóðum. Tilgreindur aðalvalkostur felur í sér tvo valkosti, Norður- eða Suðurlóð og þar sem Suðurlóðin liggur upp að lóð Stolt Sea Farm skiptir miklu máli hvor lóðin verður fyrir valinu. Þar koma til áhrif eins og:

- * Titringur jarðar á framkvæmdartíma sem getur haft streituvaldandi áhrif á flúru sem liggur á botni kerja í eldisstöð SSF. Það getur haft í för með sér aukna dánartíðni og/eða hægari vöxt. Í kafla 3.5.9 kemur fram að það þurfi að sprengja eða fleyga fyrir lögnum og kerum.*
- * Aukin hættu á að sjúkdómar sem herja á bæði flúru og laxfiska berist á milli stöðva.*
- * Aukin hættu á áhrifum á dælingu grunnvatns úr holum SSF sem eru á suðurjaðri lóðar. Skortur á vatni úr borholum eða breyting á seltustigi, þó ekki nema væri í einstökum tilfellum í sérstökum aðstæðum, gæti haft áhrif á dánartíðni og vöxt fisks í eldi hjá SSF. Telja má að líkur séu á minni áhrifum af fyrirhuguðu eldi Samherja á eldi SSF eftir því sem fjarlægð á milli lóðanna er meiri. Myndir í matsáætlun Samherja benda til að Suðurlóðin sé fyrsti valkostur.*

Viðbrögð: Valkostir um staðsetningu fiskeldisins verða til skoðunar í umhverfismatsskýrslu og verða þeir bornir saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Sambærilegra gagna verður aflað vegna valkostanna tveggja. Ofangreind atriði, í athugasemd Stolt Sea Farm, verða m.a. til umfjöllunar í umhverfismati.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um val á aðalvalkosti en gerð verður grein fyrir honum í umhverfismatsskýrslu, enda byggir hann á niðurstöðum rannsókna, hagkvæmni og öryggi.

Í umsögn kemur fram:

Rökstyðja þarf betur hvers vegna stefnt er að svo umfangsmiklu eldi á þessum stað og bera ætti saman áhrif tilgreindrar stærðar við minni áfanga.

Viðbrögð: Stærðarhagkvæmni í framleiðslu og betri nýting á orku á svæðinu og hliðarafurðum, ylsjó, frá Reykjanesvirkjun ræður áætlun um umfang eldisstöðvarinnar. Möguleikar til að framleiða heilnæma vöru með lágu vistspori eru fyrir hendi og fellur sú hugsun vel að framtíðarsýn Samherja fiskeldis.

Framleiðslu 40.000 tónna verður náð í nokkrum skrefum en framkvæmdinni er skipt í þrjá áfanga: 10.000 t, 20.000 t og 40.000 t. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir áfangaskiptingu framkvæmdar og lagt mat á áhrif hennar með tilliti til áfangaskiptingar.

Áfangaskipting framkvæmda gefur mikilvæg tækifæri til að breyta og aðlaga framkvæmdir verði þörf á því.

Í umsögn kemur fram:

Í mati þarf að liggja fyrir á hvaða svæði er fyrirhugað að staðsetja borholur svo hægt verði að meta áhrif dælingar með nægilegri nákvæmni. SSF vill leggja áherslu á að skortur á vatni úr borholum og breyting á seltustigi, þó ekki væri nema í einstökum tilfellum, getur haft mikil áhrif á tíðni dauða og vöxt í eldi. Því þarf að tryggja að magn dælingar Samherja á jarðsjó á svæðinu, um 20 m³/s samkvæmt áætlunum, verði innan þeirra marka að ekki skapist hætta á neikvæðum áhrifum á borholur SSF.

Viðbrögð: Nánar verður gerð grein fyrir staðsetningu borhola í umhverfismatsskýrslu. Útbúið verður grunnvatnslíkan og lagt mat á áhrif framkvæmdar þar á sem og gerð grein fyrir samlegðaráhrifum með annarri starfsemi. Gerð verður grein fyrir líkaninu og hvort framkvæmd sé líkleg til að valda álagi á vatnshlotið. Sjá einnig svör við umsögnum Veðurstofu Íslands (3) og Orkustofnun (5).

Í umsögn kemur fram:

SSF telur að Samherji þurfi að taka tillit til samninga SSF við HS Orku um nýtingu á affallsvatni í sínu mati.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir aðföngum framkvæmdarinnar, eftir áfangaskiptingu. Hluti af því er að fjalla um nýtingu á affallsvatni frá Reykjanesvirkjun. Við útfærslu á framkvæmd og nýtingu affallsvatns verður samráð við HS Orku og SSF.

Í umsögn kemur fram:

Á mynd 4. á bls. 8 sýnir að annar kostur varðandi frárennsli frá eldi Samherja á Suðurleið sé til norðurs upp við lóð SSF. Til þess að þessi kostur sé mögulegur þarf mikla jarðvinnu nálægt eldiskerjum SSF sem myndi valda streitu hjá eldisfiski, með hættu á aukinni dánartíðni og hægari vexti.

Viðbrögð: Í samanburði staðarvalkosta verða m.a. skoðuð möguleg áhrif framkvæmda á aðra landnotkun á svæðinu. Hönnun og útfærsla mannvirkja liggur ekki fyrir á þessari stundu enda munu atriði sem koma fram í umhverfismatinu mögulega hafa áhrif þar á. Við útfærslu og hönnun mannvirkja og í matsferli verður haft samráð við SSF um tilhögun framkvæmdar.

Í umsögn kemur fram:

Mikill fjöldi máva er á sjónum utan við fyrirhugað svæði stöðvarinnar að sumri til. Svo stórt svæði vatns í opnum kerjum með fiski og fóðri mun draga þessa fugla að sér með tilheyrandi hættu á sjúkdómum og almennum hreinlætisvandamálum vegna fugladrifs.

Viðbrögð: Ein af útfærslum framkvæmdar er að vera með yfirbyggð ker. Sú útfærsla myndi draga úr hættu á sjúkdómum eða almennum hreinlætisvandamálum vegna ágangs máva eða annarra dýra. Gerð verður grein fyrir sjúkdómavörnum í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn kemur fram:

Ekki er minnst á umferð á rekstrartíma sem verður líka umtalsverð. Fyrirhugað er að ráða 150 starfsmenn og framleiðslan á að vera 40.000 t/ári. Þetta kallar á mikla umferðaraukningu á svæðinu sem mun hafa áhrif á vegakerfið. Eldisstöðin mun taka á

móti um 48.000 t af fódri í u.þ.b. 2.000 gámum á ári (25 tonna) sem þýðir 38 gáma á viku eða um 5 gáma að jafnaði á dag. Flutt verða 40.000 t af fiski á Ís sem þýðir u.þ.b. sama fjölda og fyrir fódrið eða yfir 2.000 gáma á ári, 5 á dag að jafnaði. Við þetta bætast daglegar sendingar af súrefni og önnur umferð tengd rekstrinum. SSF telur að gera þurfi grein fyrir áhrifum þessarar umferðar á vegakerfið á svæðinu og að hún geti haft áhrif á starfsemi SSF bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir umferð bæði á framkvæmdar- og rekstartíma og áhrifum á vegakerfið og aðra starfsemi á svæðinu. Þar verður gerð grein fyrir flutningum í samræmi við áfanga framkvæmdar.

Í umsögn kemur fram:

Ekki virðist stefnt að því að meta sérstaklega áhrif á landnotkun en samkvæmt kafla 4.8. stendur til að meta áhrif á samfélag og ferðamennsku. Bæði rekstur og framkvæmdir vegna eldistöðvar Samherjageta haft mikil áhrif á rekstur og möguleika SSF til stækkunar sem telur af þeim sökum að gera þurfi skýra grein fyrir þeim áhrifum í umhverfismati.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir annarri landnotkun á svæðinu og með hvaða hætti framkvæmd og rekstur Eldisgarðs kann að hafa áhrif þar á.

Í umsögn kemur fram:

Ekkert er minnst á samlegðaráhrif grunnvatnstöku á svæðinu, sem þó hlýtur að vera mjög mikilvægur þáttur.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir samlegðaráhrifum á grunnvatn með öðru fiskeldi, virkjun og eftir atvikum annarri starfsemi á svæðinu. Sjá jafnframt viðbrögð við umsögn Veðurstofunnar (2) og Orkustofnun (5).

9 MAST

Í umsögn kemur fram:

Í matsáætlun í kafla 3.5.13 um förgun úrgangs kemur fram að allur dauður fiskur verði geymdur í fiskikörum. Jafnframt kemur fram að samningur sé við Ice Fish um að hirða dauða fiskinn vikulega. Matvælastofnun upplýsir hér með að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á www.mast.is (umsókn 1.07).

Viðbrögð: Samherji þakkar ábendinguna og mun sækja um skráningu.

10 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn kemur fram:

Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um hvort áðurnefnd breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar hafi verið samþykkt, en í tillögu að matsáætlun er nefnt að Suðurlóð og Norðurlóð séu skilgreindar sem iðnaðarsvæði innan Auðlindagarðsins.

Viðbrögð: Unnið er að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi vegna Eldisgarðsins, samhliða umhverfismati framkvæmdarinnar. Fyrir liggur skipulags- og matslýsing vegna áformaðra skipulagsbreytinga. Ekki liggur fyrir staðfest skipulag um Eldisgarðinn.

Í umsögn kemur fram:

Fyrirhugað er að bora borholur vegna nýtingu á jarðsjó (bls. 4), en ekki kemur fram staðsetning þeirra eða fjöldi.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir staðsetningu og fjölda borhola við sjótöku.

Í umsögn kemur fram:

Gera þarf grein fyrir hvort nefndar magntölur séu áætlað meðaltal eða hámarks vatnstaka. Fyrirhuguð fiskeldisstöð kemur til með að nýta mestan hluta af ylsjó sem fellur til frá Reykjanesvirkjun. Hver er vatnstaka Stolt Sea Farm Holdings Iceland sem framleiðir um 2000 tonn af Senegalflúru?

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um nýtingu Eldisgarðs á affallsvökva Reykjanesvirkjunar. HS Orka gerir samning við aðila um nýtingu vökvans og tryggir að hún sé í samræmi við samninga. Magntölur sem koma fram í matsáætlun eru jafnar yfir árið. Í umfjöllum um nýtingu verður gerð grein fyrir nýtingu annarra aðila, enda er sú nýting mikilvægur þáttur í hugmyndafræði Auðlindagarðsins á Reykjanesi.

Í umsögn kemur fram:

Um förgun úrgangs: á bls. 12 kemur fram að reikna má með um 5% dauða af innskráðum fiski og áætlað er að magnið verði um 500 tonn. Útskýra þarf nánar hvað átt er við með innskráðum fiski og hvert hlutfall eða magn dauðfisks er áætlað miðað við 40.000 tonna framleiðslu.

Viðbrögð: Innskráður fiskur eru þau seiði sem flutt eru inn í stöðina. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir hugtökum sem notuð eru í fiskeldi til að tryggja sameiginlegan skilning á starfseminni. Þá er jafnframt vísað til þeirrar áfangaskipta sem ráðgert er að byggja upp Eldisgarðinn. Þar gefast mikilvæg tækifæri að sannreyna magntölur og umhverfisáhrif.

Í umsögn kemur fram:

Ósamræmi er í texta um frárennislagnir frá fyrirhugaðri eldisstöð og nefndir þrjár möguleikar. Á mynd 4 eru teiknaðir tveir möguleikar fyrir Suðurlóð en á bls. 11 stendur að lögð verði lögn að frárennsli Reykjanesvirkjunar og samhliða henni til sjávar. Í kafla um umhverfispáttinn grunnvatn (bls. 16) er talað um að í frummatsskýrslu verði bornir saman tveir möguleikar í lagningu frárennslis; vesturleið og norðurleið.

Viðbrögð: Á mynd 4 er gerð grein fyrir tveimur möguleikum á frárennsli frá framkvæmdasvæði miðað við að fiskeldið verði reist á Suðurlóð. Tveir valkostir eru til skoðunar fyrir staðsetningu fiskeldisins. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegum útfærslum á frárennsli fyrir báða valkosti. Sjá einnig viðbrögð við athugasemd SSF um fyrirkomulag fráveitu (8).

Í umsögn kemur fram:

Ósamræmi er í texta um fjölda kerja fyrir áframeldissvæði. Í kafla 3.5.3 er talað um sjö þyrpingar kerja og að hver þyrping innihaldi 14 ker, eða samtals 98 ker. Á mynd 1 eru

Þyrpingarnar 14 og hver þyrping inniheldur sjö ker. Á bls. 2 eru kerin fyrir áframeldissvæði talin upp og eru þar samtals 118.

Viðbrögð: Mynd 1 í matsáætlun sýnir mögulega uppröðun mannvirkja á lóðinni. Búast má við að fyrirkomulag á lóð og kerjastærðir taki einhverjum breytingum í matsferlinu enda eru teikningar og myndir af svæðinu drög. Á mynd 1 eru sýnd 118 ker, annars vegar sjö þyrpingar kerja, þar sem hver þyrping inniheldur 14 ker, og hins vegar eru 20 minni ker staðsett innan bygginga sem eru til hliðar við þyrpingarnar.

Í umsögn kemur fram:

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að vatnsbúskapur svæðisins sé kannaður vel. Rannsóknir sem nefndar eru í kafla 3.5.6 eru frá árunum 1985-86 og búast má við að breytingar hafi orðið eftir að Reykjanesvirkjun tók til starfa árið 2006. Skýrsla frá 2018 um grunnvatn við Húsatóftir við Grindavík nær ekki yfir framkvæmdasvæði þessarar tillögu. Fram kemur að könnuð verður vatnstaka stöðvarinnar og útbúið rennislíkan til að meta áhrif.

Viðbrögð: Vísað er í viðbrögð við umsagnir Veðurstofunnar (3) og Orkustofnunar (5) varðandi vatnstöku og áhrifa hennar.

Í umsögn kemur fram:

Í ljósi þeirrar miklu framleiðsluaukningu fiskeldis sem ráðgerð er á svæðinu telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að kannað sé mögulegt magn efna sem sleppur í gegnum hreinsibúnað t.d. hreinsiefna, lyfja- og efnanotkun í frárennsli og möguleg áhrif þeirra á lífríkið í fjörunni. Þá þarf að gera grein fyrir því hvort hættu sé á að sjúkdómar, s.s. bakteríusjúkdómar eða sníkjudýr, geti borist frá fiskeldinu til sjávar? Mikilvægt er að kanna samlegðaráhrif er varðar losun efna um frárennsli frá fiskeldisfyrirtækjum á svæðinu.

Viðbrögð: Engin lyf verða notuð í fiskeldinu. Í umhverfismatsskýrslu verðu gerð grein fyrir hættu á að sjúkdómar og sníkjudýr berist til sjávar og í hvaða magni um er að ræða. Þar verði m.a. tekið tillit til dreifingar fráveitu og samlegðar við aðra losun í viðtaka. Þá verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi vöktunar í viðtaka. Við útfærslu á vöktun verður haft samráð við Hafrannsóknarstofnun varðandi útfærslu vöktunar.

Í umsögn kemur fram:

Leggja þarf mat á ásýndar- og landslagsbreytingar sem verða við fyrirhugaða uppbyggingu fiskeldisstöðvarinnar. Fram kemur í tillögu að matsáætlun að áætlaðar byggingar og hús verði 20.750 m², en ekki gerð grein fyrir hæð þeirra eða sýnileika. Gera þarf grein fyrir sýnleika 8 m hárra súrefnistanka og fjölda þeirra (bls.10). Náttúrufræðistofnun telur að í þessum kafla ætti einnig að fjalla um áhrif á landslag.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verða sýndar teiknaðar ásýndarmyndir í privídd af mögulegu útliti Eldisgarðsins, fyrir báða staðarvalkosti. Myndunum er ætlað að gefa til kynna umfang mannvirkja í tengslum við fiskeldið auk þess að sýna mögulega ásýnd svæðisins, eftir að framkvæmdum lýkur, frá völdum stöðum. Áhersla verður lögð á að velja staði þar sem líklegt er að fólk komi til með að sjá mannvirkin, s.s. frá vegi eða vinsælum áningarstöðum vegna ferðaþjónustu eða útivistar á svæðinu. Miðað er við að sýna sjónarhorn frá Gunnhver, Reykjanesvita og Stampagígaröðinni.

Í umsögn kemur fram:

Gera þarf grein fyrir hraunmyndunum sem verða fyrir raski vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í nálægð Suðurlóðar eru gjallgígar sem eru hluti af Stampagígaröðinni og væri æskilegt að vernda þá fyrir raski. Gera þarf grein fyrir nærliggjandi efnisnánum þar sem sækja á fínna efni vegna framkvæmda. Ekki er rétt sem kemur fram á bls. 21 að „Framkvæmdin verður öll innan iðnaðar og orkusvæðis samkvæmt aðalskipulagi og mun því ekki hafa áhrif á verndargildi svæðisins.“ Jarðminjar á svæðinu, hraun, gígar og jarðhiti, eru metin með hátt verndargildi á heimsvísu, en frá síðustu aldamótum hefur iðnaðarsvæðið verið að stækka og verndargildið rýrnað staðbundið samhliða auknum framkvæmdum og raski á jarðminjum. Jarðvegsrof rýrir ekki verndargildi jarðminja á svæðinu eins og gefið er í skyn á bls. 20.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir verndargildi jarðmyndana á suður- og norðurlóð, sem eru til skoðunar varðandi staðsetningu Eldisgarðs. Gerð verður grein fyrir umfangi rasks fyrir hvorn valkost og gerð grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum til að lágmarka rask á hrauni og öðrum jarðmyndunum. Sjá einnig viðbrögð við umsögn Umhverfisstofnunar (10).

Í umsögn kemur fram:

Fyrir utan efnislosun í frárennsli þarf að gera grein fyrir samlegðaráhrifum vatnsnýtingar (jarðsjór, ylsjór og ferskvatn) fyrirtækja innan iðnaðarsvæðisins.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir samlegðaráhrifum vatnsnýtingar hjá fyrirtækjum á svæðinu. Sjá einnig svör við umsögn Veðurstofu Íslands (3) og Orkustofnun (5).

Í umsögn kemur fram:

Gera þarf grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar eldisstöðvar á útivist og ferðamennsku. Kanna þarf sýnileika frá helstu útivistar- og ferðamannastöðum svo sem Gunnhver og Reykjanesvita. Gera þarf grein fyrir áhrifum framkvæmda á starfsemi Reykjanesjarðvangs og því sem hann stendur fyrir sem UNESCO Global Geopark.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður mat lagt á áhrif framkvæmdar á ferðaþjónustu og útivist. Gerð verður grein fyrir helstu áningarstöðum og aðráttarafli svæðisins fyrir ferðaþjónustu og útivist og útbúnar ásýndarmyndir sem sýna mögulega ásynd svæðis, eftir að framkvæmdum lýkur, frá völdum stöðum. Áhersla verður lögð á að velja staði þar sem líklegt er að fólk komi til með að sjá mannvirkin, s.s. frá vegi eða vinsælum áningarstöðum vegna ferðaþjónustu eða útivistar á svæðinu t.a.m. Gunnhver og Reykjanesvita. Þá verður gerð grein fyrir starfsemi Reykjanesjarðvangs og mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á þá starfsemi eins og bent er á í umsögninni.

Í umsögn kemur fram:

Mælst er til þess að farið verði í úttekt á fuglalífi í fjörum og grunnsævi meðfram strandlengjunni í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði sem myndi felast í reglubundnum talningum yfir eitt ár, t.d. einu sinni í mánuði. Auk þess sem þéttleiki varpugla verði kortlagður á því landi sem færi undir mannvirki sem og á nærliggjandi svæðum. Skoða þarf möguleg áhrif fráveituvatns á fugla og aðrar lífverur í fjörunni. Í grennd við framkvæmdasvæðið er að finna miklar fuglabyggðir í Hafnabergi og Valahnúkum auk þess sem fjöldi fugla sækir í Stóru-Sandvík norðan við svæðið.

Reynslan frá öðrum eldisstöðvum hefur sýnt að úrgangur sem fylgir svona starfsemi getur haft mikið aðdráttarafl fyrir fugla af stóru svæði og hér er fyrirhugað að setja á laggirnar eldisstöð með mikið meiri framleiðslugetu en aðrar nærliggjandi stöðvar á Reykjaneseskaga samanlagt. Ef mótvægisaðgerðir við ásókn fugla fela í sér fugladráp þá myndu þau áhrif ná langt út fyrir athafnasvæðið og því afar mikilvægt að ganga þannig frá frárennismálum að ekki komi til þess.

Viðbrögð: Unnin verður rannsókn á fuglalífi í tengslum við framkvæmdir. Í rannsókninni verður gerð úttekt á grunnástandi fuglalífs á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur fullnægjandi að úttekt feli í sér eina talningu á varptíma og athugunarsvæði nái til framkvæmdasvæðis og nágrennis. Er það í samræmi við viðteknar venjur í fuglarannsóknnum vegna umhverfismats framkvæmda. Lagt verður mat á áhrif framkvæmdar á fugla, þ.á.m. vegna rasks á búsvæðum, ónæði og vegna ásóknar fugla í útrásir í fjöru. Hafa verður í huga að frárennsli frá fiskeldisstöðinni verður að mestu hreinsað og er til skoðunar að eldisstöðin sjálf verði yfirbyggð. Ef þörf verður á að grípa til mótvægisaðgerða vegna ásóknar fugla munu þær ekki fela í sér dráp á fuglum.

Í umhverfismatsskýrslu verður einnig gerð grein fyrir lífríki í fjöru og mat lagt á áhrif frárennslis þar á ásamt samlegðaráhrifum með annarri starfsemi.

Í umsögn kemur fram:

Í kafla 4.9.6 Náttúruminjar þarf að gera betur grein fyrir náttúruverndarsvæðum í og við framkvæmdasvæðið. Í kaflanum eru rangfærslur sem þarf að leiðrétta og bæta við þeim verndarákvæðum sem ekki koma fram.

- *Náttúruminjar eru ekki, eins og stendur á bls. 22, annars vegar náttúruverndarsvæði og hins vegar lífverur, búsvæði og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá.*
- *Öngulbrjótisnef er svæði sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi fyrir B-hluta náttúruminjaskrárárið 2018 sem verndarsvæði vegna fjöruvistgerða.*
- *Framkvæmdasvæðið er innan svæðis á núgildandi náttúruminjaskrá, Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg nr. 106.*
- *Svæðið er á náttúruverndaráætlun 2004-2008: Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg.*
- *Í Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 er svæðið hverfisverndað.*
- *61. gr. laga um náttúruvernd; sérstök vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl., þar sem nefnd eru eldvörp og eldhraun sem myndast eftir síðjökultíma. Þar stendur jafnframt að "Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nemabryna nauðsyn beri til."*
- *Reykjanes jarðvangur sem er samþykktur sem UNESCO Global Geopark og er í forsjá sveitarfélaga sem að honum standa. Hvernig samrýmist framkvæmdin starfsemi og stefnujarðvangsins.*
- *Skyggðu svæðin á mynd 14 bls. 23 sýna háhitasvæði en ekki verndarsvæði. Hraun og gígar koma fyrir innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.*
- *Fyrir bæði mynd 13 og mynd 14 þarf að geta heimilda eða vitna í kortasjár Náttúrufræðistofnunar Íslands.*

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir ofangreindum svæðum og stöðu þeirra m.t.t. náttúruverndar Lagt verður mat á áhrif framkvæmdar á verndarsvæðin, gerð grein fyrir umfangi þeirra, varanleika og lagðar til mótvægisaðgerðir til að draga úr eða að

koma í veg fyrir áhrif. Heimildir verða uppfærðar með tilliti til ábendinga Náttúrufræðistofnunar.

11 Umhverfisstofnun

Í umsögn kemur fram:

Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfisstofnun bendir á að hugsanlegt er að sjótaka af slíkri stærðargráðu geti haft neikvæð áhrif á magnstöðu, en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil bein eða óbein áhrif vatnstaka hefur á grunnvatnshlot. Umhverfisstofnun bendir á að vatnshlotið sem hér er til umfjöllunar er nú þegar undir álagi vegna vatnstöku. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á skýrslu sem unnin var fyrir stofnunina af Veðurstofu Íslands um grunnvatnshlot sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum og er að finna á heimasíðunni www.vatn.is. Þar kemur m.a. fram að mjög mikil vatnstaka sé úr vatnshlotinu sem geti valdið álagi á það (tafla 4, bls. 10).

Viðbrögð: Í tengslum við umhverfismatið verður útbúið grunnvatnslíkan og lagt mat á áhrif framkvæmdar þar á. Gerð verður grein fyrir líkaninu og hvort framkvæmd sé líkleg til að valda álagi á vatnshlotið sem og gerð grein fyrir samlegðaráhrifum með annarri starfsemi. Sjá einnig svör við umsögnum Veðurstofu Íslands (3) og Orkustofnun (5).

Í umsögn kemur fram:

Stofnunin telur mikilvægt að gert verði ítarlega grein fyrir því hvernig fráveitunni verði háttað. Stofnunin bendir á að skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrði í 6. og 10. gr. reglugerðarinnar uppfyllt. Skv. reglugerð 535/2011 skulu vatnshlot vera í að minnsta lagi góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þurfi um möguleg samlegðaráhrif vegna affalls virkjunarinnar og frárennslis eldisins ef útrásir frárennslislaganna eru nálægar hvor annarri.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir fráveitu í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 og 535/2011. Unnin verður dreifingarspá fyrir fráveitu og gerð grein fyrir samlegðaráhrifum með Reykjanesvirkjun, öðru fiskeldi og eftir atvikum annarri starfsemi á svæðinu. Sjá einnig svör við umsögnum við umsögn Hafrannsóknarstofnunar (6).

Í umsögn kemur fram:

Í kafla 3.5.8 tekur rekstraraðili fram að viðtakinn sé flokkaður sem síður viðkvæmur viðtaki. Umhverfisstofnun bendir á að þó að viðtakinn gæti uppfyllt einhver skilyrði þess að vera skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki hefur stofnunin ekki staðfest að viðtakinn falli í þann flokk og því er ekki rétt að fjalla um frárennslid á þann hátt að um samþykktan síður viðkvæman viðtaka sé um að ræða, sbr. 3. mgr. 20 gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeim fyrirvörum sem liggja fyrir um flokkun viðtaka.

Í umsögn kemur fram:

Umhverfisstofnun telur alla endurnýtingu úrgangs jákvæða og telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og vísar í nýja stefnu stjórnvalda, sem nefnist Í átt að hringrásarhagkerfi, þar sem stefnt er að því að hætta alfarið urðun lífrænna efna. Stofnunin bendir á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldis er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fódurleifa en næringargildi þess er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennslis og bendir stofnunin á mikilvægi þess að efnið sé endurnýtt. Umhverfisstofnun telur að við umfjöllun rekstraraðila um hönnun á frárennslis og mögulega valmöguleika í þeim efnum verði gerð grein fyrir því magni sem fellur til af fastefni við hvern valkost fyrir sig.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu og umfjöllun um þá kosti sem koma til greina um endurnýtingu verður m.a. stuðst við þær leiðbeiningar sem Umhverfisstofnun hefur unnið. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir magni þeirra fastefna sem falla til vegna rekstursins.

Í umsögn kemur fram:

Í kafla 4.8.2.3 er fjallað um losunarútreikninga sem gerðir verða út frá fyrirhugaðri fódurnotkun til að meta áhrif starfseminnar á viðtaka. Umhverfisstofnun bendir á að unnar hafa verið leiðréttar losunarreikniformúlur og bendir rekstraraðila á að athuga hvort hann sé með leiðréttu formúlur. Hafa má samband við stofnunina til að fá leiðbeiningar varðandi þetta.

Viðbrögð: Við útreikninga á áhrif fódurnotkun á viðtaka verður litið til uppfærðra losunarreikniformúla sem Umhverfisstofnun hefur unnið.

Í umsögn kemur fram:

Stofnunin telur mikilvægt að komið sé í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á svæði sem NÍ hefur lagt til sem svæði á B-hluta náttúruuminjaskrár svo að verndargildi þess rýrni ekki og telur því að fjalla ætti um áhrif framkvæmdarinnar á svæði á náttúruuminjaskrá í frummatsskýrslu.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir svæðum sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til á B-hluta náttúruuminjaskrár í nágrenni framkvæmdar og mat lagt á möguleg áhrif á verndargildi þess.

Í umsögn kemur fram:

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun áhrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. [...] Landþörf starfseminnar er um 20 ha. Að mati Umhverfisstofnunar gæti framkvæmdin haft

umtalsverð óafturkræf áhrif á hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Stofnunin telur að fjalla þurfi ítarlega um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir og að gerð sé valkostagreining þar sem verndargildi hraunasvæða eru metin og tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir verndargildi jarðmyndana á suður- og norðurlóð, sem eru til skoðunar varðandi staðsetningu Eldisgarðsins. Gerð verður grein fyrir umfangi rasks í ha fyrir hvorn valkost, verndargildi jarðmyndana sem kunna að raskast og gerð grein fyrir mögulegum mótvægisaðgerðum til að lágmarka rask.

Í umsögn kemur fram:

Umhverfisstofnun bendir á að þó að framkvæmdin raski ekki búsvæði fugla þá er þekkt að fuglar, t.d. máfuglar og fýlar, leiti í útrásir í fjöru eftir fæðu. Þar sem hér er um mjög stóra framkvæmd að ræða sem losar talsvert af næringarefnum, telur stofnunin að meta skuli áhrif framkvæmdarinnar á fugla.

Viðbrögð: Unnin verður rannsókn á fuglalífi í tengslum við framkvæmdir. Í rannsókninni verður gerð úttekt á grunnástandi fuglalífs á svæðinu og lagt mat á áhrif framkvæmdar á fugla, þ.á.m. vegna rasks á búsvæðum, ónæði og vegna ásóknar fugla í útrásir í fjöru. Sjá einnig viðbrögð við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla (10).

12 Samgöngustofa

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

Viðauki | Umsagnir og athugasemdir



Skipulagstofnun
Laugarvegi 166
150 Reykjavík

Reykjanesbær, 13. október 2021
Mál nr. 2021090022

Efni: Umsögn vegna eldisstöðvar á Reykjanesi

Skipulagsstofnun með bréfi dags 7. október 2021, óskar eftir að Reykjanesbær gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Reykjanesbær gerir ekki athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu.

Gera þarf betur grein fyrir þáttum sem starfsemi og rekstur hafa á svæði utan starfsvæðis eldisstöðvar; t.d. ef styrkja eða breikka þarf vegstæði á Reykjanesi eða leggja strenglagnir.

Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar gefur út framkvæmdaleyfi og byggingafulltrúi gefur út byggingaleyfi.

Umsögn samþykk í umhverfis- og skipulagsráði dags 15. október 2021.

Staðfest á fundir bæjarstjórnar dags 19. október 2021.

Virðingarfyllt,

Gunnar Kr Ottósson arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 23. nóvember 2021
Tilv. 2021-10-11-2568/2.5.1

Efni: Varðar fyrirhugaðar eldisstöðvar Samherja Fiskeldis á Reykjanesi

Með tölvupósti 7. október leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi tillögu að matsáætlun fyrir eldisstöð Samherja Fiskeldis á Reykjanesi. Fyrirhuguð eldisstöð er ekki nærri þekktum veiðivötnum.

Fiskistofa horfir til áhættuþátta vegna hugsanlegra áhrifa fiskeldisstarfsemi á villta stofna laxfiska. Þeir áhættuþættir sem horft er til tengjast áhrifum sem geta komið fram ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að haft verður tvöfalt ristakerfi úr kerjum til að minnka líkur á slysasleppingum úr eldisstöðinni. Fram kemur að ristar verða á frárennislögnum og því lættu líkur á slysasleppingum að vera hverfandi. Fiskistofa telur því að nægilega sé hugað að þessum þáttum í matsáætlun.

Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hættu á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.

Fiskistofa telur að nægilega sé gerð grein fyrir þeim þáttum sem varða möguleg áhrif starfseminnar á villta laxfiskastofna í fram lagðri tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
bt. Jóns Ágústssonar
Borgartúni 7
105 Reykjavík
skipulag@skipulag.is jonagust@skipulag.is

Dags. 22.11.2021
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2019-0105
0.5.1

Með erindi dags. 10. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu að matsáætlun um framkvæmd vegna eldisstöðvar í landi Reykjanesbæjar.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í tillögu að matsáætlun Samherja Fiskeldis ehf. vegna umhverfisáhrifa fyrirhugaðar nýrrar eldisstöðvar í Auðlindagarði HS Orku við Garð á Reykjanesi er gert ráð fyrir 40.000 tonna framleiðslugetu á ársgrundvelli. Heildarvatnstaka eldisstöðvarinnar er áætluð um 23.000 lítrar/s. Til framleiðslunnar áætla félagið að nota um 20.000 l/s af jarðsjó, um 50 l/sek af ferskvatni og um 3.200 l/s af ylsjó frá Reykjanesvirkjun. Jafnframt er gert ráð fyrir ferskvatnsnotkun fyrir seiðastöð, allt að 50 l/s, en það vatn fæst gegnum veitukerfi HS Orku og byggir á endurnýtingu vatns. Boraðar verða borholur í nágrenni eldisstöðvarinnar og úr þeim verður jarðsjó dælt upp í vatnsmiðlunartanka.

Í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála fellur grunnvatn á svæðinu undir grunnvatnshlotið Reykjanes, 104-263-G. Samkvæmt upplýsingum í vatnavefsjá stjórnar vatnamála (vatnavefsja.vedur.is) er um að ræða nokkuð stórt grunnvatnshlot, tæplega 302 km² að flatarmáli og eitt af þremur stærstu grunnvatnshlotum á Reykjaneskaga. Eins og fram kemur í skýrslunni liggur ferskt grunnvatn ofan á saltvatni og eru slíkir veitar viðkvæmir fyrir röskun. Mikil vatnstaka gæti raskað því jafnvægi sem er til staðar. Tilkynnt upptaka úr grunnvatnshlotum árið 2015 sýnir að hún er talsverð á Reykjaneskaga (Davíð Egilson o.fl. (2019)). Í greinargerðinni *Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum* (Davíð Egilson o.fl. (2020)) eru jafnframt tekin saman þau grunnvatnshlot sem talin eru undir miklu álagi og er afar mikil upptaka vatns úr grunnvatnshloti á Reykjanesi.

Veðurstofa Íslands telur mikilvægt er að vakta ástand veitisins. Fiskeldi er í miklum vexti á þessu svæði og mikilvægt er að settir séu fram gæðastaðlar, viðmið og viðbragðsáætlun þannig að tryggt sé að veitirinn anni þeirri vatnstöku sem áætluð er.

Veðurstofan leggur áherslu á mikilvægi þess að gera grein fyrir aðrennslissvæði þeirra borhola sem munu verða notaðar til framleiðslunnar, mögulegu áhrifasvæði og að álagspól svæðisins verði metið. Vakta þarf grunnvatnsstöðu og tryggja að ástandið sé ásættanlegt og innan viðunandi marka. t.d. hvað varðar mögulegan niðurdrátt á svæðinu og breytingar á seltustigi brunnanna. Þetta þarf að gera á ársgrundvelli, en þó sérstaklega þegar álag á grunnvatnshlotið er hvað mest, t.d. við lægstu stöðu, þegar veitirinn er hvað viðkvæmastur fyrir álagi.

Í slíku mati er mikilvægt að jafnframt sé tekið mið af annarri starfsemi sem þegar er til staðar eða samþykkt. Einnig er mikilvægt að fram komi til hvaða verkferla skuli gripið komi til lækkunar á grunnvatnsstöðu.

Heimildir:

Davíð Egilson, Jón Guðmundsson, Tinna Þórarinsdóttir & Gerður Stefánsdóttir (2019). Magnstaða grunnvatns. Tillaga um aðferðarfræðilega nálgun. Skýrsla VÍ 2019-012, 61 s.
https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_012.pdf

Davíð Egilson, Gerður Stefánsdóttir & Tinna Þórarinsdóttir (2020). Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum. Greinargerð VÍ DE/ofl/2020-02.

http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/DE_ofl_2020_02_Grunnvatnshlot%20m%20%b6gulega%20undir%20%a1lagi.pdf

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ



Skipulagsstofnun
b.t. Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
107 Reykjavík

Reykjanesbæ 11. nóvember 2021

Efni: Matsáætlun vegna eldisgarða Samherja Fiskeldi á Reykjanesi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 7. október sl., þar sem óskað er umsagnar á tillögu að matsáætlun vegna ofnagreindar fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti í tillögunni sem gætu helst átt við starfssvið embættisins. Samkvæmt reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er Umhverfistofnun útgefandi starfsleyfis fyrir fiskeldi.

Heilbrigðiseftirlitið er útgefandi starfsleyfis og fer með eftirlit á starfssemi HS Orku hf á Reykjanesi þar er meðal annars í gildi vöktunaráætlun fyrir útrás frá bunustokk virkjunarinnar með tilliti til lífríki viðtakanda. Í lið 4.8.3 Lífríki viðtakanda, kemur fram að félagið muni ráða sérfræðing til að gera úttekt á lífríki fjörunnar. Embættið óskar eftir að fá afrit af þeim gögnum þegar þau liggja fyrir ásamt nánari upplýsingum um hreinsun á fráveitu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein fyrir þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki athugasemdir við framsetta tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllt,

J. Trausti Jónsson,
heilbrigðisfulltrúi.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. nóvember 2021
Tilvísun: OS2021100008/22.2
Verknúmer: 3051380

Efni: Tillaga að matsáætlun fiskeldisstöðvar í auðlindagarði við Reykjanesvirkjun, Reykjanesbæ

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 7. október 2021, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun vegna áforma Samherja fiskeldis ehf. um að reisa fiskeldisstöð með 40.000 tonna framleiðslugetu í auðlindagarði HS Orku við Reykjanesvirkjun í Reykjanesbæ, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Í erindinu er óskað eftir því að Orkustofnun fjalli um hvort stofnunin, út frá sínu starfssviði, hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum hún telji að gera þurfi frekari skil eða höfð verði sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt, er því háð leyfi Orkustofnunar.

Framangreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt lýsingu í tillögnum er áformað að nýta allt að 20.000 l/s af jarðsjó sem fenginn verður úr borholum sem verða boraðar í nágrenni eldisstöðvarinnar, 50 l/s af ferskvatni frá veitum HS Orku og 3.200 l/s af ylsjó, frárennsli frá Reykjanesvirkjun. Notkun á vatni verði stöðug yfir árið, þar sem seiðahópar komi með jöfnu millibili inn í stöðina.

Orkustofnun bendir á að við vinnslu við umhverfismat grunnvatnstöku skipti meginmáli að skoða hugsanleg áhrif á aðra starfsemi sem nýtir sömu – eða tengda – auðlind. Við greiningu á annarri starfsemi í nágrenni fyrirhugaðs fiskeldis er einungis vikið að annarri fiskeldisstarfsemi (kafli 3.3 og 4.8.1), en að mati stofnunarinnar þarf einnig að horfa til samlegðar af töku Reykjanesvirkjunar á jarðsjó. HS Orka hefur leyfi til töku á allt að 6.000 l/s af jarðsjó á aðlægu svæði, sbr. leyfi Orkustofnunar nr. OS-2013-L003-01. Sömu leiðis hefur Stolt Sea Farm leyfi til töku á allt að 2.000 l/s af jarðsjó við athafnasvæðið (leyfi OS-2013-L022-01).

Varðandi umfjöllun um rannsóknir (bls. 10) bendir Orkustofnun á að tilgreindar rannsóknir fjalla ekki um það svæði sem hér er til umræðu heldur annars staðar varðandi töku fersks grunnvatns úr landi Staðar sem er mun ofar á Reykjanesinu og hins vegar við Húsatóftir við Grindavík (og gerðar áður en

Reykjanesvirkjun hóf starfsemi sína). Ekki verður því séð að þær hafi beina þýðingu varðandi fyrirhugaða nýtingu, nema hvað varðar almenna lýsingu á aðstæðum á Reykjaneskaga.

Fyrirhuguð er umtalsverð taka jarðsjávar 20 m³/s og við matsvinnu ber að mati Orkustofnunar að kanna áhrif þeirrar vatnstöku á fyrirbyggjandi vatnstöku Stolt Sea Farm og Reykjanesvirkjunar, sem og hvort slík vatnstaka hafi áhrif á jafnvægi jarðsjávar og ofanáliggjandi ferskvatnslínu innan áhrifasvæðis nýtingarinnar. Fram kemur í matsáætlun að áformað sé að kanna áhrif vatnstöku á grunnvatnsstöðu, seltu og hitastig með grunnvatnslíkani.

Að lokum bendir Orkustofnun á að ekki er veitt nýtingarleyfi á ákveðnar holur, heldur til töku grunnvatns á ákveðnu landsvæði, og í ákveðnu tilgreindu magni. Það er því ónákvæmni fólgin í orðalagi í kafla 3.6, á bls. 13.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða tillögu að matsáætlun vegna áforma um allt að 40.000 tonna fiskeldi á Reykjanesi, í Reykjanesbæ.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum. Með vísan til framangreindra atriða í umsögn þessari getur stofnunin á síðari stigum jafnframt kallað eftir frekari gögnum og/eða upplýsingum frá framkvæmdaraðila þó ekki sé vikið að því í umsögninni.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 08.11.2021
MFRI: 2021-10-0265

Efni: Eldisgarður, eldisstöð á Reykjanesi - matsáætlun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. október 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar um ofangreinda framkvæmd. Óskar Skipulagsstofnun eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Hafrannsóknastofnun telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.

Samherji fiskeldi ehf. hyggst hefja eldi á landi, nánar tiltekið í Auðlindagarði HS Orku við Garð á Reykjanesi. Um er að ræða seiðastöðvar, áframeldisstöð, hreinsistöð og sláturhús ásamt þjónustubyggingum. Stefnt er á að Samherji fiskeldi geti framleitt 40.000 tonn á ársgrundvelli og að standandi lífmassi verði að hámarki 20.000 tonn. Til framleiðslunnar er áætlað að nota um 20.000 l/s af jarðsjó, um 50 l/s af ferskvatni og um 3.200 l/s af ylsjó frá Reykjanesvirkjun.

Samkvæmt matsáætlun skal meðal annars fjalla um vöktun á frárennsli og áhrif þess á vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka og fjöru ásamt möguleika á hreinsun frárennslis eldisstöðvarinnar.

Um er að ræða mjög stóra framkvæmd að þessu tagi og má þá nefna til samanburðar að ársframleiðsla á laxi í sjókvíum hér við land var 32.899 tonn árið 2020, sem er minna en Samherji stefnir að í ársframleiðslu í þessari nýju eldisstöð. Enn fremur má benda á að heildarframleiðsla í landeldi var 7.696 tonn árið 2020 hér á landi og verður því mikil aukning í landeldi með tilkomu þessarar stöðvar.

Fram kemur í matsáætlun að hreinsistöð verði byggð og starfrækt við eldið til að lágmarka losun frá eldisstöðinni. Lagt verði upp með að nýta lífrænu efnin sem falla til, í framleiðslu á áburði eða öðrum verðmætum afurðum. Dauðfiskur verður nýttur í fóður fyrir loðdýr. Í umhverfismatsskýrslu þarf að koma skýrar fram hvað verður um þau lífrænu efni sem verða eftir í hreinsistöðinni og ekki er dauðfiskur.

Í umhverfismatsskýrslunni þarf að gera vel grein fyrir hvernig tilhögun frárennslisins í viðtakann verður. Taka skal fram hversu mikið heildar frárennslí verður m.t.t. vatnsmagns og persónueininga (pe.) þegar litið er til mengunar. Bent er á að um mjög stóra framkvæmd er að ræða og ef frárennslíð er það sama og áætluð vatnstaka þá verður það um fjórfalt meðalrennslí Elliðaánna.

Áður en stöðin verður tekin í notkun þurfa að liggja fyrir upplýsingar um styrk næringarefna í viðtakanum/vatnshlotinu. Bent er á að Hafrannsóknastofnun hefur um nokkurt skeið framkvæmt mælingar á lífríki og efnastyrk sjávar í fjöru vegna ylsjávar sem nú rennur til sjávar vegna reksturs Reykjanesvirkjunar sem hægt væri að nota til að meta álag af fyrirhuguðu eldi (Steinunn H. Ólafsdóttir o.fl. 2019¹). Mikilvægt er að nota nægilega næmar aðferðir við framtíðarvöktun þannig að hægt sé að meta áhrif losunar frá fyrirhugaðri eldisstöð. Hafrannsóknastofnun hefur bent á í öðrum fyrirspurnum og matsskýrslum að greiningarmörk aðferða sem hafa verið notuð í vöktun vegna landeldis, séu of há til þess að hægt sé að nota þau til að skera úr um hvort losun fráveitu valdi auknu álagi á viðtaka. Bent er á að styrkur næringarefna í sjó að vetri er mun hærri en á öðrum árstímum vegna niðurbrots lífræns efni og takmarkaðrar virkni frumframleiðenda að vetri. Mikilvægt er að velja aðferðir sem eru nægilega næmar til að greina styrk efnanna á öllum árstímum. Lagt er til að tekið verði mið af fyrirbyggjandi upplýsingum um styrk næringarefna í sjó á mismunandi tímum árs við val á aðferðum við mælingar sem notaðar verða í framtíðarvöktun.

Fram kemur að tvöfalt ristarkerfi verði í stöðinni til að koma í veg fyrir slysasleppingar. Fyrsta sleppivörnin skuli vera stálaristar í öllum kerjum. Grófleiki ristanna miðist við stærð fiska í kerjum og að ristarbilið verði alltaf þrengra en minnsti fiskurinn í viðkomandi kerri. Þar að auki verði síur í frárennslisstöð svo að líkur á slysasleppingum verði hverfandi. Taka þarf fram hversu grófar ristarnar skuli vera og hverskyns síur verði í frárennslisstöð. Alla jafnan bendir Hafrannsóknastofnun framkvæmdaraðilum á að hafa tromlusíur eða síur sem séu þeim sambærilegar. Samherji hefur rekið landeldisstöðvar í tugi ára og skv. matsáætlun þeirra hefur aldrei orðið vart við slysasleppingar hjá þeim. Tekið er fram að ef svo ólíklega vildi til að fiskur slyppi úr kerjum væri til staðar viðbragðsáætlun. Í umhverfismatsskýrslunni þarf að fjalla um þessa viðbragðsáætlun. Um er að ræða mjög stóra eldisstöð og því full ástæða til að fjalla nánar um viðbragðsáætlunina og varnir gegn slysasleppingum í umhverfismatsskýrslunni.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

¹ Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Karl Gunnarsson og Lilja Gunnarsdóttir 2020. Lífríki fjöru við útrás affallsvatns frá Reykjanesvirkjun. Athuganir 2019. Skýrsla Hafrannsóknastofnunar HV 2020-45, 26 bls.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2021
MÍ202111-0014/ 6.07 / K.M.

Efni: Eldisgarður. Eldisstöð á Reykjanesi.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 7. okt. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Samherji fiskeldi ehf. áætla að hefja fiskeldi í Auðlindagarði HS Orku á Reykjanesi. Fiskeldisstöðin verður staðsett á Suðurlóð eða á Norðurlóð en þær eru báðar að hluta á iðnaðarreit 15a. Lóðirnar eru báðar 20 ha að stærð. Í skýrslu Samherja fiskeldis ehf. segir að innan lóðar fiskeldisstöðvarinnar þurfi að reisa seiðastöðvar, áframeldisstöð, hreinsistöð, sláturhús og þjónustubyggingar. Til framleiðslunnar þarf að nota jarðsjó, ferskvatn og ylsjó frá Reykjanesvirkjun sem í dag rennur að hluta ónýttur til sjávar. Jarðsjór verður fenginn úr borholum sem staðsettar verða innan lóðar fyrirtækisins.

Fjallað er um fornleifar í kafla 4.5.9 í skýrslu Samherja fiskeldis. Þar segir að fornleifar hafi verið skráðar á svæðinu. Flestar minjar á svæðinu séu vörður sem gætu hafa verið hluti leiðar milli Reykjanes og Hafnar.

Í köflum 3.6.1 og 3.6.2 er fjallað um aðalskipulag og deiliskipulag. Þar kemur fram að fyrirhuguð lóð fiskeldisstöðvarinnar sé að hluta inni á skipulögðu iðnaðarsvæði 15a skv. aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Unnið sé að breytingum á aðalskipulaginu. Þá segir að hafinn sé undirbúningur að nýju deiliskipulagi fyrir reitinn í samræmi við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Með bréfi til Reykjanesbæjar dags. 06.10.2021 veitti Minjastofnun umsögn um skipulags- og matslýsing fyrir breytingartillögu aðalskipulags og fyrir nýtt deiliskipulag vegna stækkunar iðnaðarsvæðis 15a. Eftirfarandi texti (skáletraður) er úr umsögninni:

Fornleifar hafa verið skráðar á svæðinu af ýmsu tilefni síðustu áratugi. Í tengslum við nýtt deiliskipulag Reykjanesvirkjunnar er nú verið að uppfæra fornleifaskrár innan þeirra skipulagsmarka þannig að þær standist gildandi staðla og sömuleiðis eru þau svæði könnuð sem enn eru óskráð. Á mynd 2-4, á bls. 6 í ofangreindri skipulags- og matslýsingu fyrir fiskeldið eru afmarkaðir með gulu tveir stækkunarvalkostir. Sá nyrðri liggur innan skipulagsmarka Reykjanesvirkjunnar og er því verið að uppfæra fornleifaskrár þar í tengslum við það skipulag. Sá syðri liggur utan þeirra skipulagsmarka og er því ekki tekinn með í

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.


þeirri skráningu. Árið 2011 fór fram fornleifakönnun vegna framkvæmda á lóð Stolt Sea Farm, en sú lóð liggur þétt norðan við syðri valkostinn fyrir fiskeldið. Sömuleiðis fór fram skráning minja í tengslum við Rammaáætlun árið 2008, en svæðið sunnan við Stolt Sea Farm var ekki kannað sérstaklega. Það svæði er því óskoðað með tilliti til fornleifa....

Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir við fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar. Varðandi deiliskipulag og þessa tvo stækkunarvalkosti sem kynntir eru fyrir fiskeldið (sbr. mynd 2-4), þá er þegar unnið að skráningu á nyrðri valkostinum, í tengslum við deiliskipulag Reykjanesvirkjunar og er því ekki þörf á að kalla eftir frekari gögnum eða skráningu varðandi þann reit. Hins vegar er syðri valkosturinn enn óskráður og þarf að ljúka skráningu hans svo taka megi afstöðu til þess hvor kosturinn er betri með tilliti til fornleifa.

Minjastofnun ítrekar það sem fram kom í umsögn stofnunarinnar um skipulags- og matslýsingu breytingartillögu aðalskipulags og fyrir nýtt deiliskipulag vegna stækkunar iðnaðarsvæðis 15a. Fá þarf fornleifafræðing til að skrá syðri hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Færa þarf staðsetningu og útlínur fornleifar, sem skráðar verða á suður hluta svæðisins og sem verið er að skrá á norður hluta svæðisins, inn á uppdrátt, loftmynd/kort, þar sem fyrirhuguð mannvirki fiskeldisins eru einnig sýnd. Fjalla þarf um fornleifar og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þær í umhverfismatsskýrslu.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jón Ágúst Jónsson (jon.a.jonsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)



STOLT SEA FARM - EIA COMMENTS

DAGS.: 2021-11-02

Tillaga að matsáætlun Samherja Fiskeldis, kt. 610406-1060 vegna Eldisgarðs. Eldisstöðvar í landi Reykjanesbæjar með 40.000 tonna framleiðslugetu á ársgrundvelli á grundvelli 21. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 111/2021.

Efni: Athugasemdir við matsáætlun Samherja vegna landeldis við Reykjanesvirkjun

Skipulagsstofnun hefur auglýst til kynningar matsáætlun Samherja Fiskeldis vegna umhverfismats eldisstöðvar á Reykjanesi með 40.000 t framleiðslugetu á ári. Stolt Sea Farm (SSF) hefur verið starfandi á sama svæði frá árinu 2012 og er með leyfi til að ala allt að 2.000 t á ári af Senegal flúru, með samningi við HS Orku um notkun á ylvolgu afrennslisvatni frá Reykjanesvirkjun. Stolt Sea Farm notar einnig jarðsjó til eldisins sem dælt er upp úr um 50-60 m djúpum borholum innan við syðri jaðar lóðar stöðvarinnar og er með uppsettan búnað til nýtingar á yfir 800 l/s. Í gildi er nýtingarleyfi, útgefið af Orkustofnun árið 2013, til handa Stolt Sea Farm fyrir allt að 2.000 l/s af jarðsjó úr borholum að Vitabraut 7 í Reykjanesbæ.

Stolt Sea Farm hefur áhyggjur af stærð fyrirhugaðs eldis Samherja Fiskeldis í þeirri miklu nálægð við eldisstöð Stolt sem stefnt er að og vill af þeim sökum koma á framfæri nokkrum athugasemdum.

VALKOSTIR

Lítið er fjallað um hvernig valkostaumræðu verður háttáð í umhverfismatsskýrslu, sbr. kafla 3.2. Fram kemur að aðalvalkostur framkvæmdaraðila sé að byggja eldisstöð á Norðurlóð eða Suðurlóð Auðlindagarðs með framleiðslugetu 40.000 t/ári og umhverfisáhrif annarra kosta verði ekki metin. Í kafla 3.5.1 er minnst á valkostamat á frárennsli og lóðum.

Suður- eða norðurlóð

Tilgreindur aðalvalkostur felur í sér tvo valkosti, Norður- eða Suðurlóð og þar sem Suðurlóðin liggur upp að lóð Stolt Sea Farm (SSF) skiptir miklu máli hvor lóðin verður fyrir valinu. Þar koma til áhrif eins og:

- Titringur jarðar á framkvæmdatíma sem getur haft streituvaldandi áhrif á flúru sem liggur á botni kerja í eldisstöð SSF. Það geti haft í för með sér aukna dánartíðni og/eða hægari vöxt. Í kafla 3.5.9 kemur fram að það þurfi að sprengja eða flegja fyrir lögnum og kerum.
- Aukin hætta á að sjúkdómar sem herja á bæði flúru og laxfiska berist á milli stöðva.
- Aukin hætta á áhrifum á dælingu grunnvatns úr holum SSF sem eru á suðurjaðri lóðar. Skortur á vatni úr borholum eða breyting á seltustigi, þó ekki væri nema í einstökum tilfellum í sérstökum aðstæðum, gæti haft áhrif á dánartíðni og vöxt fisks í eldi hjá SSF.

Telja má að líkur séu á minni áhrifum af fyrirhuguðu eldi Samherja á eldi SSF eftir því sem fjarlægð á milli lóðanna er meiri. Myndir í matsáætlun Samherja benda til að Suðurlóðin sé fyrsti valkostur, sjá mynd 4 og texta undir mynd 14 sem segir að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé rauði feringurinn á myndinni.

Stærð eldis

Ekki virðist gert ráð fyrir að meta áhrif mismunandi stærðar eldis hjá Samherja og borið er við stærðarhagkvæmni og nýtingu á orku. Rökstyðja þarf betur hvers vegna stefnt er að svo umfangsmiklu eldi á þessum stað og bera ætti saman áhrif tilgreindrar stærðar við minni áfanga.

VATNSÖFLUN

Grunnvatn

Í kafla 2 á bls. 8 í matsáætlun Samherja kemur fram að eldisstöðin muni nýta jarðsjó úr nágrenni sínu og úr borholum í nágrenni eldisstöðvarinnar en í kafla 3.5.6 kemur fram að borholur verði staðsettar innan lóðar. Í mati þarf að liggja fyrir á hvaða svæði er fyrirhugað að staðsetja borholur svo hægt verði að meta áhrif dælingar með nægilegri nákvæmni.

Í kafla 4.8.1 á bls. 16 kemur fram að verkfræðistofa muni útbúa líkan af jarðsjó á svæðinu til að meta áhrif á grunnvatnsstöðu. Þar kemur einnig fram að þar sem önnur fiskeldisstöð sé með starfsemi á svæðinu sé mikilvægt að framkvæmdin hafi ekki neikvæð áhrif á rekstur hennar. SSF vill leggja áherslu á að skortur á vatni úr borholum og breyting á seltustigi, þó ekki væri nema í einstökum tilfellum, getur haft mikil áhrif á tíðni dauða og vöxt í eldi. Því þarf að tryggja að magn dælingar Samherja á jarðsjó á svæðinu, um 20 m³/s samkvæmt áætlunum, verði innan þeirra marka að ekki skapist hætta á neikvæðum áhrifum á borholur SSF.

Affallsvatn Reykjanesvirkjunar

Í kafla 3.3 á bls. 5 kemur fram að SSF nýti affallsvatn Reykjanesvirkjunar eins og standi til að gera hjá Samherja Fiskeldi. Rétt er að benda á að SSF byggði stóran geymi til að aðskilja hreint kælivatn túrbína frá vatni úr gufuframléiðslu Reykjanesvirkjunar sem áður rann blandað til sjávar. SSF telur að Samherji þurfi að taka tillit til samninga SSF við HS Orku um nýtingu á affallsvatni í sínu mati.

FRÁRENNSLI OG ÚTRÁS

Mynd 4 á bls. 8 sýnir að annar kostur varðandi frárennsli frá eldi Samherja á Suðurlóð sé til norðurs upp við lóð SSF. Til þess að þessi kostur sé mögulegur þarf mikla jarðvinnu nálægt eldiskerjum SSF sem myndi valda streitu hjá eldisfiski, með hættu á aukinni dánartíðni og hægari vexti.

SJÓFUGLAR

Fram kemur í kafla 3.5.1 að miklum fjölda eldiskerja verði komið fyrir á lóðinni. Mikill fjöldi máva er á sjónum utan við fyrirhugað svæði stöðvarinnar að sumri til. Svo stórt svæði vatns í opnum kerjum með fiski og fóðri mun draga þessa fugla að sér með tilheyrandi hættu á sjúkdómum og almennum hreinlætisvandamálum vegna fugladrits.

UMFERÐ

Í kafla 4.8.8 kemur fram að á framkvæmdatíma geti byggingarframkvæmdir og umferð haft áhrif á upplifun ferðamanna. Ekkert er minnst á umferð á rekstartíma sem verður líka umtalsverð. Fyrirhugað er að ráða 150 starfsmenn og framleiðslan á að vera 40.000 t/ári. Þetta kallar á mikla umferðaraukningu á svæðinu sem mun hafa áhrif á vegakerfið.

Eldisstöðin mun taka á móti um 48.000 t af fóðri í u.þ.b. 2.000 gámum á ári (25 tonna), sem þýðir um 38 gáma á viku eða um 5 gáma að jafnaði á dag. Flutt verða um 40.000 t af fiski á ís sem þýðir u.þ.b. sama fjölda og fyrir fóðrið eða yfir 2.000 gámar á ári, 5 á dag að jafnaði. Við þetta bætast daglegar sendingar af súrefni og önnur umferð tengd rekstrinum. SSF telur að gera þurfi grein fyrir áhrifum þessarar umferðar á vegakerfið á svæðinu og að hún geti haft áhrif á starfsemi SSF, bæði á framkvæmda- og rekstartíma.

LANDNOTKUN

Ekki virðist stefnt að því að meta sérstaklega áhrif á landnotkun en samkvæmt kafla 4.8 stendur til að meta áhrif á samfélag og ferðamennsku. Bæði rekstur og framkvæmdir vegna eldisstöðvar Samherja geta haft mikil áhrif á rekstur og möguleika Stolt Sea Farm til stækkunar sem telur af þeim sökum að gera þurfi skýra grein fyrir þeim áhrifum í umhverfismati.


SAMLEGÐARÁHRIF

Kafli 4.8.6 fjallar um samlegðaráhrif og þar kemur fram að tekin verði saman losun efna frá fiskeldisfyrirtækjum á svæðinu án þess að þau fyrirtæki séu tiltekin.

Í kafla 3.3 er fjallað um aðra fiskeldisstarfsemi á svæðinu og þar eru talin upp fyrirtæki á svæðinu við Voga á Vatnsleysuströnd, við Grindavík, Kalmanstjörn og í Auðlindagarðinum. Í kaflanum kemur einnig fram að teknar verði saman helstu niðurstöður úr umhverfismati fyrir HS Orku í tengslum við auðlindagarðinn án þess að nokkur tilvísun sé í þá skýrslu eða hvaða umhverfisþætti sé átt við.

Ekkert er minnst á samlegðaráhrif grunnvatnstöku á svæðinu, sem þó hlýtur að vera mjög mikilvægur þáttur.

Með þessu bréfi lýsum við yfir áhyggjum okkar varðandi áhif þess sem það mun valda varðandi okkar starfsemi. Og óskum hér með eftir því að athugasemdir okkar verði teknar til athugunar áður en að framkvæmdir hefjast.


James Hall: Framkvæmdarstjóri Stolt Sea Farm Iceland

Stolt Sea Farm H.I. hf.
Kt. 610911-0480

Jón Ágúst Jónsson
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 3. nóvember 2021

Tilvísun: 2110318


Efni: Umsögn Matvælastofnunar um matsáætlun Samherja Fiskeldis ehf. vegna fiskeldis á Reykjanesi

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 7. október 2021, vegna 40.000 tonna ársframleiðslu og 20.000 tonna hámarkslífmassa Samherja Fiskeldis ehf. í eldi á laxi í Auðlindagarði HS Orku við Garð á Reykjanesi.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í matsáætlun í kafla 3.5.13 um förgun úrgangs kemur fram að allur dauður fiskur verði geymdur í fiskikörum. Jafnframt kemur fram að samningur sé við Ice Fish um að hirða dauða fiskinn vikulega. Matvælastofnun upplýsir hér með að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á www.mast.is (umsókn 1.07). Að öðru leyti gerir Matvælastofnun ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Karl Steinar Óskarsson
Deildarstjóri fiskeldis

From: [Gunnar Dagur Darrason](#)
To: [Stefán Gunnar Thors](#)
Subject: FW: Re: Umsagnarbeiðni v/eldisstöðvar á Reykjanesi
Date: föstudagur, 26. nóvember 2021 11:22:12
Attachments: [image001.png](#)

From: Jón Ágúst Jónsson <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>
Sent: Wednesday, November 10, 2021 12:17 PM
To: Gunnar Dagur Darrason <gdd@samherji.is>; Heiðdís Smáradóttir <heiddis@samherji.is>
Subject: FW: Re: Umsagnarbeiðni v/eldisstöðvar á Reykjanesi

[EXTERNAL SENDER]

Sæl,

Hér er umsögn Náttúrufræðistofnunar. Hún krefst viðbragða.

Kv. Jón

From: Snorri Sigurðsson - NI
Sent: 05.11.2021 09:58:14
To: Jón Ágúst Jónsson
Subject: Re: Umsagnarbeiðni v/eldisstöðvar á Reykjanesi

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202110-0008 (LA, BK)

Vísað er í bréf dags. 7. október 2021 frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um tillögu að matsáætlun um eldisstöð á Reykjanesi, Eldisgarð. Náttúrufræðistofnun Íslands skilaði inn umsögn 29. september s.l. um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og gerð nýs deiliskipulags fyrir stækkun iðnaðarsvæðis I5a-fiskeldi.

https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/breyting_a_adalskipulagi_reykjanesbaejar_og_nytt_deiliskipulag_vegna_fiskeldis_a_reykjanesi.pdf

Í þeirri umsókn er m.a. bent á að stækkun iðnaðarsvæðisins nær yfir hverfisverndarsvæði og náttúruverndarsvæði með hátt verndargildi vegna jarðminja. Horfa þarf heildstætt á svæðið og tryggja að með skipulagi frekari iðnaðar á svæðinu sé ekki sé verið að rýra verðmæti þeirra náttúruminja sem þar eru.

Í tillögu að matsáætlun um eldisstöð á Reykjanesi, Eldisgarð, er lýst fyrirhugaðri uppbyggingu eldisstöðvarinnar og framleiðslugetu upp á 40.000 tonn á ári.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um hvort áður nefnd breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar hafi verið samþykkt, en í tillögu að matsáætlun er nefnt að Suðurlóð og Norðurlóð séu skilgreind sem iðnaðarsvæði innan Auðlindagarðsins (bls. 6).

Fyrirhugað er að bora borholur vegna nýtingu á jarðsjó (bls. 4), en ekki kemur fram staðsetning

þeirra eða fjöldi.

Á bls. 10 stendur: „*Heildarvatnstaka eldisstöðvarinnar er áætluð um 23.000 lítrar/sek. Þar af er jarðsjór um 20.000 l/s og ylsjór um 3.200 l/s en í dag renna um 3.500 l/s til sjávar frá Reykjanesvirkjun. Ekki er vitað til þess að ferskvatn sé á svæðinu og því er gert ráð fyrir að reisa seiðastöð með fullkomnum endurnýtingarkerfum sem takmarka ferskvatnsnotkun mjög og er sú notkun áætluð að hámarki 50 l/s. Það ferskvatn verður leitt inn á lóðina með veitukerfi HS-Orku.*”

Gera þarf grein fyrir hvort nefndar magntölur séu áætlað meðaltal eða hámarks vatnstaka.

Fyrirhuguð fiskeldisstöð kemur til með að nýta mestan hluta af ylsjó sem fellur til frá

Reykjanesvirkjun. Hver er vatnstaka Stolt Sea Farm Holdings Iceland sem framleiðir um 2000 tonn af Senegalflúru?

Um förgun úrgangs: á bls. 12 kemur fram að reikna má með um 5% dauða af **innskráðum fiski** og áætlað er að magnið verði um 500 tonn. Útskýra þarf nánar hvað átt er við með innskráðum fiski og hvert hlutfall eða magn dauðfisks er áætlað miðað við 40.000 tonna framleiðslu.

Ósamræmi er í texta um frárennislagnir frá fyrirhugaðri eldisstöð og nefndir þrjár möguleikar. Á mynd 4 eru teiknaðir tveir möguleikar fyrir Suðurlóð en á bls. 11 stendur að lögð verði lögnað frárennsli Reykjanesvirkjunar og samhliða henni til sjávar. Í kafla um umhverfisþáttinn grunnvatn (bls. 16) er talað um að í frummatsskýrslu verði bornir saman tveir möguleikar lagningu frárennslis; vesturleið og norðurleið.

Ósamræmi er í texta um fjölda kerja fyrir áframeldissvæði. Í kafla 3.5.3 er talað um sjö þyrpingar kerja og að hver þyrping innihaldi 14 ker, eða samtals 98 ker. Á mynd 1 eru þyrpingarnar 14 og hver þyrping inniheldur sjö ker. Á bls. 2 eru kerin fyrir áframeldissvæði talin upp og eru þar samtals 118.

Í kafla 4.8 er fjallað um umhverfisþætti sem fjallað verður um í frummatsskýrslu:

Vatnstaka (4.6) og grunnvatn (4.8.1): Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að vatnsbúskapur svæðisins sé kannaður vel. Rannsóknir sem nefndar eru í kafla 3.5.6 eru frá árunum 1985-86 og búast má við að breytingar hafi orðið eftir að Reykjanesvirkjun tók til starfa árið 2006. Skýrsla frá 2018 um grunnvatn við Húsatóttir við Grindavík nær ekki yfir framkvæmdasvæði þessarar tillögu. Fram kemur að könnuð verður vatnstaka stöðvarinnar og útbúið rennislíkan til að meta áhrif.

Vatnsgæði (4.8.2) og lífríki viðtaka (4.8.3): Á svæðinu er fyrirhuguð framleiðsluaukning í fiskeldi úr 2000 tonnum (framleiðslugeta Stolt Sea Farm Holding) í samtals 42.000 tonn. Hreinsistöð og umfang hreinsunar verður gerð nánari skil í umhverfismatsskýrslu en ekki er talin hætta á að næringarefni safnist við útrás frárennslis vegna úthafsalda og sjávarstrauma. Í ljósi þeirrar miklu framleiðsluaukningu fiskeldis sem ráðgerð er á svæðinu telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að kannað sé mögulegt magn efna sem sleppur í gegnum hreinsibúnað t.d. hreinsiefna, lyfja- og efnanotkun í frárennsli og möguleg áhrif þeirra á lífríkið í fjörunni. Þá þarf að gera grein fyrir því hvort hætta sé á að sjúkdómar, s.s. bakteríusjúkdómar eða sníkjudýr, geti borist frá fiskeldinu til sjávar? Mikilvægt er að kanna samlegðaráhrif er varðar losun efna um frárennsli frá fiskeldisfyrirtækjum á svæðinu.

Sjónræn áhrif (4.8.4) og landslag (4.9.4): Leggja þarf mat á ásýndar- og landslagsbreytingar sem verða við fyrirhugaða uppbyggingu fiskeldisstöðvarinnar. Fram kemur í tillögu að matsáætlun að áætlaðar byggingar og hús verði 20.750 m², en ekki gerð grein fyrir hæð þeirra eða sýnileika. Gera þarf grein fyrir sýnleika 8 m hárra súrefnistanka og fjölda þeirra (bls. 10).

Náttúrufræðistofnun telur að í þessum kafla ætti einnig að fjalla um áhrif á landslag.

Jarðmyndanir (4.8.5): Gera þarf grein fyrir hraunmyndunum sem verða fyrir raski vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í nálægð Suðurlóðar eru gjallgígar sem eru hluti af Stampagígaröðinni og væri æskilegt að vernda þá fyrir raski. Gera þarf grein fyrir nærliggjandi efnisnámmum þar sem sækja á fínna efni vegna framkvæmda. Ekki er rétt sem kemur fram á bls. 21 að „Framkvæmdin verður öll innan iðnaðar og orkusvæðis samkvæmt aðalskipulagi og mun því ekki hafa áhrif á

verndargildi svæðisins." Jarðminjar á svæðinu, hraun, gígar og jarðhiti, eru metin með hátt verndargildi á heimsvísu, en frá síðustu aldamótum hefur iðnaðarsvæðið verið að stækka og verndargildið rýrnar staðbundið samhliða auknum framkvæmdum og raski á jarðminjum. Jarðvegsrof rýrir ekki verndargildi jarðminja á svæðinu eins og gefið er í skyn á bls. 20.

Samlegðaráhrif framkvæmdar (4.8.6): Fyrir utan efnislosun í frárennsli þarf að gera grein fyrir samlegðaráhrifum vatnsnýtingar (jarðsjór, ylsjór og ferskvatn) fyrirtækja innan iðnaðarsvæðisins.

Samfélag, útivist og ferðamennska (4.8.8): Gera þarf grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar eldisstöðvar á útivist og ferðamennsku. Kanna þarf sýnileika frá helstu útivistar- og ferðamannastöðum svo sem Gunnhver og Reykjanesvita. Gera þarf grein fyrir áhrifum framkvæmda á starfsemi Reykjanesjarðvangs og því sem hann stendur fyrir sem UNESCO Global Geopark.

Í kafla 4.9 eru nefndir umhverfisþættir sem **ekki** er talin þörf á að skoða nánar í frummatsskýrslu. Náttúrufræðistofnun óskar eftir að eftirfarandi umhverfisþættir verði skoðaðir:

Fuglalíf:

Mælst er til þess að farið verði í úttekt á fuglalífi í fjörum og grunnsævi meðfram strandlengjunni í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði sem myndi felast í reglubundnum talningum yfir eitt ár, t.d. einu sinni í mánuði. Auk þess sem þéttleiki varpugla verði kortlagður á því landi sem færi undir mannvirki sem og á nærliggjandi svæðum.

Skoða þarf möguleg áhrif fráveituvatns á fugla og aðrar lífverur í fjörunni. Í grennd við framkvæmdasvæðið er að finna miklar fuglabýggðir í Hafnabergi og Valahnúkum auk þess sem fjöldi fugla sækir í Stóru-Sandvík norðan við svæðið. Reynslan frá öðrum eldisstöðvum hefur sýnt að úrgangur sem fylgir svona starfsemi getur haft mikið aðdráttarafl fyrir fugla af stóru svæði og hér er fyrirhugað að setja á laggirnar eldisstöð með mikið meiri framleiðslugetu en aðrar nærliggjandi stöðvar á Reykjaneskaga samanlagt.

Ef mótvægisáðgerðir við ásókn fugla fela í sér fugladráp þá myndu þau áhrif ná langt út fyrir athafnasvæðið og því afar mikilvægt að ganga þannig frá frárennismálum að ekki komi til þess.

Í kafla **4.9.6 Náttúruminjar** þarf að gera betur grein fyrir náttúruverndarsvæðum í og við framkvæmdasvæðið. Í kaflanum eru rangfærslur sem þarf að leiðrétta og bæta við þeim verndarákvæðum sem ekki koma fram.

- Náttúruminjar eru **ekki**, eins og stendur á bls. 22, annars vegar náttúruverndarsvæði og hins vegar lífverur, búsvæði og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá,.
- Öngulbrjótsnef er svæði sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi fyrir B-hluta náttúruminjaskrár árið 2018 sem verndarsvæði vegna fjöruvistgerða (<https://www.ni.is/greinar/su-ongulbrjotsnef>).
- Framkvæmdasvæðið er innan svæðis á núgildandi náttúruminjaskrá, Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg nr. 106, sjá <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>
- Svæðið er á náttúruverndaráætlun 2004-2008: Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg. (<https://www.althingi.is/alttext/pdf/130/s/0716.pdf>)
- Í Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 er svæðið hverfisverndað.
- 61. gr. laga um náttúruvernd; sérstök vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl., þar sem nefnd eru eldvörp og eldhraun sem myndast eftir síðjökultíma. Þar stendur jafnframt að "Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. **nema brýna nauðsyn beri til.**"
- Reykjanes jarðvangur sem er samþykktur sem UNESCO Global Geopark og er í forsjá sveitarfélaga sem að honum standa. Hvernig samrýmist framkvæmdin starfsemi og stefnu jarðvangsins.
- Skyggðu svæðin á mynd 14 bls. 23 sýna háhitasvæði en ekki verndarsvæði. Hraun og gígar

koma fyrir innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

- Fyrir bæði mynd 13 og mynd 14 þarf að geta heimilda eða vitna í kortasjár Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Lagfæra þarf heimildalista í ljósi ábendinga.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum mats á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



From: "Jón Ágúst Jónsson" <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Umsagnarbeiðni v/eldisstöðvar á Reykjanesi

Date: 7.10.2021 11:24:27

Góðan dag,

Samherji Fiskeldi hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttekin 27. september 2021, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Hér með er óskað eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 5. nóvember 2021 á tölvupóstföngin:

skipulag@skipulag.is og jonagust@skipulag.is. Athugið að umsagnarbeiðni þessi er eingöngu send rafrænt.

Jón Ágúst Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Jon.A.Jonsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun



Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Ágústssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2021
UST202110-061/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – tillaga að matsáætlun – eldisstöð á Reykjanesi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Samherji Fiskeldi ehf. (hér eftir nefndur rekstraraðili) áformar að byggja landeldisstöð í Auðlindagarði HS Orku við Garð á Reykjanesi. Fyrirhuguð fiskeldisstöð verður staðsett á iðnaðarreit 15a í aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030 og mun geyma seiðastöðvar, áframeldisstöð, hreinsistöð og sláturhús ásamt þjónustubyggingum. Stefnt er að því að framleiðslugeta stöðvarinnar verði 40.000 tonn á ársgrundvelli og að standandi lífmassi verði að hámarki 20.000 tonn. Til framleiðslunnar verður notað um 20.000 l/s af jarðsjó, um 50 l/s af ferskvatni og um 3.200 l/s af ylsjó frá Reykjanesvirkjun. Eldisrými seiðastöðvarinnar verður um 6.000 m³ og eldisrými áframeldissvæðis um 410.000 m³.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. viðauka II í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin minnir á að málshraðaviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar. Hægt er að sækja um að vinna umhverfismat samhliða starfsleyfisgerð en starfsleyfistillaga verður ekki auglýst fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir þar sem mengunarvarnaákvæði starfsleyfis byggja á mati á umhverfisáhrifum.

Mat á umhverfisáhrifum

Í greinargerð tillögu að matsáætlun kemur fram að í mati á umhverfisáhrifum eldisstöðvarinnar á Reykjanesi verði m.a. könnuð og metin áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti: grunnvatn, vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, sjónræn áhrif, jarðmyndanir, samlegðaráhrif framkvæmdar, náttúruvá og samfélag, útivist og ferðamennsku.

Helstu framkvæmdaþættir sem taldir eru að hafi áhrif á umhverfið eru vatnstaka, fráveita í viðtaka og mannvirkjagerð.

Þeir umhverfisþættir sem rekstraraðili telur að eldisstöðin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á eru eftirfarandi: gróðurfar og dýralíf, lyktarmengun, hljóðmengun, landslag, fornleifar og náttúruminjar.

Grunnvatn

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Rekstraraðili áformar að dæla upp 20.000 l/s af jarðsjó sem er undir grunnvatnslinsu sem hefur vatnshlotanúmerið 104-263-G og nefnist Reykjanes. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfisstofnun bendir á að hugsanlegt er að sjótaka af slíkri stærðargráðu geti haft neikvæð áhrif á magnstöðu, en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil bein eða óbein áhrif vatnstaka hefur á grunnvatnshlot.

Umhverfisstofnun bendir á að vatnshlotið sem hér er til umfjöllunar er nú þegar undir álagi vegna vatnstöku. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á skýrslu¹ sem unnin var fyrir stofnunina af Veðurstofu Íslands um grunnvatnshlot sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum og er að finna á heimasíðunni www.vatn.is. Þar kemur m.a. fram að mjög mikil vatnstaka sé úr vatnshlotinu sem geti valdið álagi á það (tafla 4, bls. 10).

Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi. Stofnunin minnir á að sjótaka er leyfisskyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunar skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en mat á því hvort sjótaka hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnstöku er tekin við leyfisveitingu Orkustofnunar.

Fráveita og vöktun

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin mun losa í viðtaka sem hefur vatnshlotanúmerið 104-1383-C og kallast Þorlákshöfn að Höfnum. Stofnunin telur mikilvægt að gert verði ítarlega grein fyrir því hvernig fráveitunni verði háttáð. Stofnunin bendir á að skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrði í 6. og 10. gr. reglugerðarinnar uppfyllt. Skv. reglugerð 535/2011 skulu vatnshlot vera í að minnsta lagi góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála.

Í 3. kafla tillögunnar kemur fram að sett verði upp samskonar vöktunaráætlun og rekstraraðili er með í öðrum eldisstöðvum sínum þar sem mánaðarlega eru tekin sýni úr frárennslinu og þau send til greininga á lífrænum efnum á rannsóknarstofunni Sýni ehf. Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þurfi um möguleg samlegðaráhrif vegna affalls virkjunarinnar og frárennslis eldisins ef útrásir frárennslislagnanna eru nálægar hvor annarri.

¹ http://www.vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/DE_ofl_2020_02_Grunnvatnshlot%20m%c3%b6gulega%20undir%20c3%a1lagi.pdf

Í kafla 3.5.8 tekur rekstraraðili fram að viðtakinn sé flokkaður sem síður viðkvæmur viðtaki. Umhverfisstofnun bendir á að þó að viðtakinn gæti uppfyllt einhver skilyrði þess að vera skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki hefur stofnunin ekki staðfest að viðtakinn falli í þann flokk og því er ekki rétt að fjalla um frárennslið á þann hátt að um samþykktan síður viðkvæman viðtaka sé um að ræða, sbr. 3. mgr. 20 gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Úrgangur

Í tillögunni er fjallað um magn og förgun dauðfisks en hann verður nýttur í loðdýra- og gæludýrafóður. Umhverfisstofnun telur alla endurnýtingu úrgangs jákvæða og telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og vísar í nýja stefnu stjórnvalda, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*, þar sem stefnt er að því að hætta alfarið urðun lífrænna efna.

Stofnunin bendir á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldis er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fóðurleifa en næringargildi þess er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar² til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennsli og bendir stofnunin á mikilvægi þess að efnið sé endurnýtt.

Umhverfisstofnun telur að við umfjöllun rekstraraðila um hönnun á frárennsli og mögulega valmöguleika í þeim efnum verði gert grein fyrir því magni sem fellur til af fastefni við hvern valkost fyrir sig.

Losunarútreikningar

Í kafla 4.8.2.3 er fjallað um losunarútreikninga sem gerðir verða út frá fyrirhugaðri fóðurnotkun til að meta áhrif starfseminnar á viðtaka. Umhverfisstofnun bendir á að unnir hafa verið leiðréttar losunarreikniformúlur og bendir rekstraraðila á að athuga hvort hann sé með leiðréttar formúlur. Hafa má samband við stofnunina til að fá leiðbeiningar varðandi þetta.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið er innan svæðis sem er nr. 106 á náttúruminjasrá (C-hluta) en um það segir: „*Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ (áður Hafnahreppur), Gullbringusýslu. (1) Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Þorbjarnarfell og um Lágur og Vörðugjá í Stapfell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnabergs. (2) Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávertjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.*“

Að auki bendir stofnunin á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem

² [https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%
c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf)

Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að fjaran og grunnsævið vestan við framkvæmdasvæðið, og þar sem áætlað er að útrás frárennslis verði, er eitt þessara svæða og kallast Öngulbrjótsnef. Öngulbrjótsnef er tilnefnt vegna fjöruvistgerða en um forsendur fyrir vali segir á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands: „*Sunnan við Öngulbrjótsnef er klóþangsfjara; annars staðar er grófgerður og úfinn fjörubedurinn ríkur af skjólsælum glufum og skorningum sem veitir lífverum skjól, þrátt fyrir talsvert brim og að ríkjandi fjörugerðir séu brimasamar hnullunga- og hrúðurkarlafjörur.*“ Helstu ógnir eru affallsvatn frá Reykjanesvirkjun og hugsanleg mengun frá iðnaði.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi. Stofnunin bendir á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Stofnunin telur mikilvægt að komið sé í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á ofangreint svæði svo að verndargildi þess rýrni ekki og telur því að fjalla ætti um áhrif framkvæmdarinnar á svæði á náttúruminjaskrá í frummatsskýrslu.

Sérstök vernd

Líkt og fram kemur í tillögunni er framkvæmdasvæðið staðsett í sögulegu hrauni sem kallast Stampahraun og er um 800 ára gamalt. Hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar

og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Landþörf starfseminnar er um 20 ha. Að mati Umhverfisstofnunar gæti framkvæmdin haft umtalsverð óafturkræf áhrif á hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Stofnunin telur að fjalla þurfi ítarlega um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir og að gerð sé valkostagreining þar sem verndargildi hraunasvæða eru metin og tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Fuglar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að engin mikilvæg fuglasvæði eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun bendir á að þó að framkvæmdin raski ekki búsvæði fugla þá er þekkt að fuglar, t.d. máfuglar og fýlar, leiti í útrásir í fjöru eftir fæðu. Þar sem hér er um mjög stóra framkvæmd að ræða sem losar talsvert af næringarefnum, telur stofnunin að meta skuli áhrif framkvæmdarinnar á fugla.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

From: [Gunnar Dagur Darrason](#)
To: [Stefán Gunnar Thors](#)
Subject: FW: RE: Umsagnarbeiðni v/eldisstöðvar á Reykjanesi
Date: föstudagur, 26. nóvember 2021 11:22:12
Attachments: [image001.png](#)

From: Jón Ágúst Jónsson <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>
Sent: Wednesday, November 10, 2021 12:15 PM
To: Gunnar Dagur Darrason <gdd@samherji.is>; Heiðdís Smáradóttir <heiddis@samherji.is>
Subject: FW: RE: Umsagnarbeiðni v/eldisstöðvar á Reykjanesi

[EXTERNAL SENDER]

Sæl,

Ekki er þörf á að bregðast við umsögn Samgöngustofu, sbr. neðangreint.

Kv. Jón

From: Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>
Sent: 19.10.2021 14:13:13
To: Jón Ágúst Jónsson; Skipulagsstofnun - SLS
Subject: RE: Umsagnarbeiðni v/eldisstöðvar á Reykjanesi

Með tölvupósti dagsettu þann 7. október s.l. var óskað umsagnar Samgöngustofu um matsáætlun fyrir Eldisgarð í Reykjanesbæ.

Samgöngustofa gerir ekki sérstakar athugasemdir við tillöguna.

Með kveðju / Best regards,

Halldór Zoëga

Deildarstjóri mannvirkjadeildar / Specialist, Port Installations and Maritime Navigation



Verndum umhverfið, þrennum sem minnst

From: Jón Ágúst Jónsson <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>
Sent: 07.10.2021 11:27:05
To: Samgöngustofa almennt
Subject: Umsagnarbeiðni v/eldisstöðvar á Reykjanesi

Góðan dag,

Samherji Fiskeldi hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttækin 27. september 2021, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Hér með er óskað eftir að Samgöngustofa gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr.

111/2021.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.

Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 5. nóvember 2021 á tölvupóstföngin:

skipulag@skipulag.is og jonagust@skipulag.is. Athugið að umsagnarbeiðni þessi er eingöngu send rafrænt.

Jón Ágúst Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100

Jon.A.Jonsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Fyrirvari á tölvupósti / e-mail disclaimer

<https://www.samgongustofa.is/um/um-stofnunina/husnaedi-simi-og-netfang/fyrirvari-vid-tolvupost/>

1